

Föstudaginn 17. mars 1989.

Nr. 8/1988.

**Þorvaldur Ólafsson**

(Jón G. Briem hdl.)

gegn

**Þrotabúi Hafskipa hf.**

(Ingólfur Hjartarson hdl.)

**og gagnsök**

Ómerking. Frávísun frá héraðsdómi.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Bjarni K. Bjarnason, Guðrún Erlendsdóttir og Haraldur Henrysson og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Aðaláfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 7. janúar 1988. Hann krefst aðallega sýknu af kröfum gagnáfrýjanda, til vara krefst hann þess að verða dæmdur til að greiða lægri fjárhæð, en til þrautavara krefst hann staðfestingar hins áfrýjaða dóms. Aðaláfrýjandi krefst í öllum tilvikum málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, en til vara að málskostnaður verði látinn falla niður.

Gagnáfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 20. janúar 1988. Hann gerir þær dómkröfur aðallega að aðaláfrýjandi verði dæmdur til þess að greiða 7.429.012,00 krónur, en til vara 5.703.820,00 krónur, hvort tveggja með nánar tilgreindum vöxtum frá 1. febrúar 1985 til greiðsludags. Er þess krafist bæði í aðalkröfu og varakröfu að leggja megi áfallna vexti við höfuðstól á 12 mánaða fresti, fyrst 1. febrúar 1986, í samræmi við 12. gr. vaxtalaga, nr. 25/1987. Þá er jafnframt krafist málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi reisir kröfur sínar á tölvuútskriftum sem bera heitið „Reikningshreyfing úr ársfærsluskrá“. eru þar skráðar færslur á viðskiptareikninga aðaláfrýjanda nr. 00029 og nr. 00709 í bókhaldi gagnáfrýjanda. Er því ómótmælt að gögn þessi hafi verið rituð eftir að bú Hafskipa hf. var tekið til gjaldþrotaskipta. Samkvæmt gögnum þessum nam skuld aðaláfrýjanda við gagnáfrýjanda á reikningi nr. 00029 í ársbyrjun 1985 4.546.787,00 krónum, en sú fjárhæð var lækkuð í 3.183.778,00 krónur með nánari skýringu.

Af hálfu aðaláfrýjanda hefur því verið mótmælt að byggt verði á framangreindum gögnum, enda gefi þau ekki rétta mynd af stöðu viðskiptareikninga aðilanna.

Svo sem fram kemur í hinum áfrýjaða dómi sendi aðaláfrýjandi Hafskipum hf. mánaðarlega skilagrein um flutningsgjöld og rekstrarkostnað sinn. Hafskip hf. sendu aðaláfrýjanda mánaðarlega reikningsyfirlit um stöðu viðskiptanna. Gagnáfrýjandi hefur ekki lagt fram yfirlit þessi. Gögn þau, sem gagnáfrýjandi byggir kröfur sínar á, þykja ekki veita nægilega traustan grundvöll til þess að efnisdómur verði lagður á kröfurnar. Þykir það ekki breyta þessu, eins og hér stendur á, hvaða vísbendingu gögn aðaláfrýjanda og skýrsla hans gefa um stöðu viðskipta aðilanna.

Samkvæmt þessu ber að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu sjálfkrafa frá héraðsdómi.

Verður gagnáfrýjandi dæmdur til að greiða aðaláfrýjanda 50.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

#### D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur og er málinu vísað sjálfkrafa frá héraðsdómi.

Gagnáfrýjandi, þrotabú Hafskipa hf., greiði aðaláfrýjanda, Þorvaldi Ólafssyni, 50.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

#### **Dómur bæjarþings Keflavíkur 31. október 1987.**

Mál þetta, sem dómtekið var 8. þ.m., var höfðað fyrir bæjarþingi Keflavíkur með stefnu, birtri 6. mars 1987.

Stefnandi er þrotabú Hafskipa hf., nnr. 1380-3005, Skógarhlíð 6, Reykjavík.

Stefndi er Þorvaldur Ólafsson, nnr. 9816-6874, Drangavöllum 4, Keflavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð 7.524.340,00 krónur auk 3,75% dráttarvaxta á mánuði af 3.183.778,00 krónum frá 1.2. 1985 til 1.3. 1985, en með 4% dráttarvöxtum á mánuði af 2.460.911,00 krónum frá þeim degi til 1.4. 1985, en af 2.600.339,00 krónum frá þeim degi til 1.5. 1985, en af 3.623.569,00 krónum frá þeim degi til 1.6. 1985, en með 3,5% dráttarvöxtum á mánuði

af 3.429.885,00 krónum frá þeim degi til 1.7. 1985, en af 3.979.703,00 krónum frá þeim degi til 1.8. 1985, en af 4.940.669,00 krónum frá þeim degi til 1.9. 1985, en með 3,75% dráttarvöxtum á mánuði af 4.990.227,00 krónum frá þeim degi til 1.10. 1985, en af 4.764.815,00 krónum frá þeim degi til 1.11. 1985, en af 5.907.934,00 krónum frá þeim degi til 1.12. 1985, en af 6.370.116,00 krónum frá þeim degi til 1.1. 1986, en af 7.538.668,00 krónum frá þeim degi til 1.2.86, en af 7.605.148,00 krónum frá þeim degi til 1.3. 1986, en með 2,75% dráttarvöxtum á mánuði af 7.599.183,00 krónum frá þeim degi til 1.4. 1986, en með 2,25% dráttarvöxtum á mánuði af 7.552.769,00 krónum frá þeim degi til 1.5. 1986, en af 7.547.422,00 krónum frá þeim degi til 1.6. 1986, en af 7.524.340,00 krónum frá þeim degi til 1.3. 1987, en með 2,5% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 6.5. 1987, en með 30% ársvöxtum frá þeim degi til 1.6. 1987, en með 33,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1.7. 1987, en með 36% ársvöxtum frá þeim degi til 1.8. 1987, en með 40,8% ársvöxtum frá þeim degi til 1.9. 1987, en með 42% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Þá er þess krafist að í dómsorði sé kveðið á um að áföllnum dráttarvöxtum megi bæta við höfuðstól á 12 mánaða fresti, fyrst 1.2. 1986 og síðan sama dag árlega, og skuli sömu vexti og að framan greinir reikna af hinum höfuðstólsfærðu vöxtum.

Þá er krafist málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ.

Dómkröfur stefnda eru þær að stefnukröfur verði lækkaðar verulega og að stefnda verði dæmdur hæfilegur málskostnaður eða hann verði felldur niður.

#### *Málavextir.*

Aðdragandi að máli þessu er sá að í byrjun árs 1984 var gerður samningur milli Hafskipa hf. og stefnda, þar sem stefndi gerðist umboðsmaður Hafskipa hf. á Suðurnesjum.

Aðalefni samningsins, sem nefndur var umboðssamningur, var að skipafélagið færði vörur, sem það flutti til landsins fyrir viðskiptamenn á umboðssvæði stefnda, í vöruhús hans í Keflavík, en stefndi annaðist geymslu og afgreiðslu vörunnar og sæi um innheimtu á farmgjöldum. Í umboðssamningnum var fjallað um ýmsar aðrar skyldur umboðsmannsins auk ákvæða um þóknun hans og uppgjör til Hafskipa hf.

Þannig bar umboðsmanni samkvæmt samningnum að annast ráðningu verkafólks við skipaafgreiðslu, sjá um vinnuástöðu á hafnarbakka, útvegum krana og lyftara auk þess sem hann átti að leggja til útbúnað vegna losunar eða lestunar. Þá hafði umboðsmaður með höndum ýmis önnur verkefni á vegum Hafskipa hf., svo sem markaðskynningu og ýmsa þjónustu við skip félagsins.

Tekjur stefnda voru samkvæmt samningnum fólgnar í 1-2% þóknun af flutningsgjöldum, hluta uppskipunargjalda, aksturs- og vaxtatekjum auk gjalda vegna vöru er hann geymdi í vörugeymslu sinni umfram ákveðinn dagafjöldi.

Þá skyldi stefndi einnig njóta 70% uppskipunargjalda fram til áramóta 1984/85 samkvæmt bráðabirgðasamkomulagi sem fram kemur í fylgiskjali með samningnum.

Í fylgiskjali með samningnum kemur einnig fram að stefndi hefur haft uppi hugmyndir um að Hafskip hf. legðu fram fé vegna stofnkostnaðar umboðsins, 470.000,00 krónur. Þessu var hafnað af forráðamönnum Hafskipa hf., en samkomulag gert um að ofangreind fjárhæð mætti vera í skuld á viðskiptareikningi hans hjá Hafskipum hf. án vaxta og skyldi þetta ákvæði sæta endurskoðun síðar.

Í samningnum segir að honum megi segja upp með sex mánaða fyrirvara.

Stefndi hefur borið fyrir rétti að fyrir gerð samningsins hafi legið fyrir frá Hafskipum hf. áætlanir um heildartekjur væntanlegs umboðs. Á grundvelli þeirra hafi þóknun til hans og aðrar tekjur verið ákvarðaðar. Stefndi hafi hins vegar séð að þær tekjur myndu ekki nægja fyrir hallalausum rekstri umboðsins miðað við kostnaðaráætlanir er hann gerði ásamt endurskoðanda sínum. Vegna þessara efasemda hafi ákvæði á fylgiskjölum samningsins komið til.

Auk þessara viðbótarákvæða taldi stefndi sig hafa fengið viljrði viðsemjenda sinna um að hann bæri ekki halla af rekstrinum.

Framkvæmdin á viðskiptum aðila var í samræmi við samning þeirra, þ.e. að Hafskip hf. skuldfærðu stefnda á viðskiptareikningi fyrir öllum flutningsgjöldum af þeim vörum, sem til umboðsins fóru, svo og öllum eftirkröfum og kostnaði vegna flutningsins. Jafnframt voru stefnda færðar til tekna umboðslaun hans af sömu flutningum.

Samkvæmt samningnum bar stefnda að gera skil á greiddum flutningskostnaði mánaðarlega og senda Hafskipum hf. uppgjör fyrir 20. hvers mánaðar. Starfsmaður stefnda annaðist gerð þessara skilagreina og sendi þær Hafskipum hf. fyrir tilskilinn dag ásamt kostnaðarreikningum umboðsins. Um hver mánaðamót sendu síðan Hafskip hf. umboðinu yfirlit um stöðu viðskiptanna.

Skilagreinum frá stefnda skyldu fylgja yfirlit yfir útistandandi ógreiddan flutningskostnað, enda var það á ábyrgð stefnda ef hann veitti gjaldfrest á greiðslu hans.

Í árslok 1984 og í byrjun árs 1985 mótmæltu forráðamenn Hafskipa hf. bréfllega við stefnda uppgjörum og skilagreinum frá umboðinu og mótmæltu m.a. eindregið þeirri aðferð stefnda að draga ákveðinn kostnað við rekstur umboðsins frá tekjum Hafskipa hf. við skil til félagsins.

Í ljós kom að samkvæmt bókhaldi stefnda reyndist verulegur halli vera á rekstri umboðsins árið 1984. Þannig höfðu rekstrargjöld umboðsins mánuðina apríl til desember 1984 numið 1.715.552,00 krónum umfram tekjur og gerði stefndi kröfur til að Hafskip hf. greiddu þann mismun.

Eftir nokkrar viðræður stefnda og forráðamanna Hafskipa hf. var gert samkomulag þess efnis að Hafskip hf. tóku að sér að greiða 70% af rekstrargjöldum umboðsins umfram tekjur starfsárið 1984. „Hins vegar voru ekki gerðar breytingar á umboðssamningi aðila við þetta tækifæri og hvorugur aðila sagði honum upp,“ eins og segir í greinargerð stefnanda.

Af hálfu stefnda var hins vegar sá skilningur lagður í samkomulagið að hann væri að taka á sig 30% af tapi á rekstrinum og myndi hann ekki gera það til frambúðar. Hafi niðurstaða þessa samkomulags og umræðna er fram fóru í kjölfar þessa, verið sú að Hafskip hf. ætluðu að leysa málið á þann hátt að hann færi skaðlaust út úr rekstri umboðsins. Hafi Hafskip hf. ætlað að greiða allan breytilegan kostnað og sanngjarnan fastan kostnað við rekstur umboðsins.

Þegar Hafskip hf. urðu gjaldþrota 6. desember 1985 skuldaði stefndi félaginu verulegar fjárhæðir samkvæmt bókhaldi þess.

Á fundi málsaðila 14. febrúar 1986 um skil umboðsins til þrotabús Hafskipa hf. lagði stefndi hins vegar fram reikning, dskj. nr. 10, þar sem stefnandi er talinn skulda stefnda 1.522.518,00 krónur.

Samkvæmt reikningnum hafði stefndi skuldfært Hafskip hf. fyrir rekstrargjöldum sínum árið 1985, 4.243.274,80 krónum, og fyrir áætluðum kostnaði árið 1986, 2.532.010,00 krónum. Þá er á reikningi stefnda „álagning“ 20%, 1.355.056,00 krónur, og liðurinn tvígreiddur víxill, 370.813,00 krónur. Samtals nema þessar fjárhæðir 8.501.153,80 krónum. Á sama reikningi færði stefndi Hafskipum hf. til tekna flutningsgjöld vegna ársins 1985 7.763.354,00 krónur, og kemur þannig fram mismunur er á að sýna skuld stefnanda við stefnda.

Af hálfu stefnanda var farið yfir kröfur stefnda og þeim að því búnu hafnað, þar sem þær ættu sér enga stoð í umboðssamningnum. Þá væru kröfurnar þess eðlis að þar væri um að ræða kostnað sem að hluta tengdist öðrum atvinnurekstri stefnda í Keflavík og því umboði Hafskipa hf. óviðkomandi eins og segir í greinargerð stefnanda.

Af hálfu stefnanda var stefnda boðið á fundi aðila 14.2. 1986 að allar óafgreiddar vörur hjá umboðinu yrðu fluttar til Reykjavíkur og afgreiddar frá þrotabúinu þaðan. Stefndi gæti þannig dregið úr þeim kostnaði sem hann teldi sig verða fyrir við afgreiðslu þeirra. Jafnframt yrðu ógreidd flutningsgjöld vegna þessara vara bakfærð af viðskiptareikningi stefnda svo og umboðslaun hans. Ekki kom til að stefndi tæki þessu boði stefnanda.

Á fundi málsaðila 26.3. 1986 var ákveðið að láta yfirfara uppgjör stefnda

fyrir árið 1985 með tilliti til þess hvort þeir kostnaðarliðir, sem þar voru taldir, væru vegna reksturs umboðsins og hvort sá kostnaður gæti talist eðlilegur. Verk þetta var unnið af Þorvaldi Björnssyni, fyrrum fulltrúa forstjóra Hafskipa hf., og skilaði hann athugasemdum sínum, dags. 8.4. 1986. Stefndi fékk þessar athugasemdir til meðferðar og svaraði þeim með bréfi lögmanns síns, dags. 2.5. 1986. Ljóst var þá að mikið bar á milli aðila um viðskiptin og leiddu frekari samningaumleitaniir ekki til niðurstöðu. Á skiptafundi í þrotabúi Hafskipa hf. 20.6. 1986 var skiptastjórum búsins falið að höfða mál þetta.

Í stefnu og greinargerð gerir stefnandi ráð fyrir að kröfur vegna tímabilsins 18.11. 1985 - 5.12. 1985, þ.e. það tímabil er Íslenska skipafélagið hf. starfaði, væru utan máls þessa.

Í þinghaldi 1. október sl. varð samkomulag með aðilum um að kröfur Íslenska skipafélagsins hf. á hendur stefnda, að fjárhæð 452.481,00 krónur, kæmust að í málinu, enda hafði þrotabúi Hafskipa hf. tekið við þeirri kröfu á hendur stefnda með samningi við Útvegsbanka Íslands, dags. 4. apríl 1987.

Við munnlegan málflutning 8. þ.m. var bókuð sú málflutningsyfirlýsing stefnanda að leggja mætti til grundvallar dskj. nr. 18, sem er athugasemdir Þorvalds Björnssonar vegna uppgjörðs Keflavíkurumboðs 1985 um reksturskostnað umboðsins á því tímabili sem það tekur yfir.

— — —

#### D ó m s o r ð:

Stefndi, Þorvaldur Ólafsson, greiði stefnanda, þrotabúi Hafskipa hf., 4.959.299,00 krónur ásamt 3,75% dráttarvöxtum á mánuði af 2.183.778,00 krónum frá 1.2. 1985 til 1.3. sama ár, en með 4% dráttarvöxtum á mánuði af 1.460.911,00 krónum frá þeim degi til 1.4. sama ár, en af 1.600.339,00 krónum frá þeim degi til 1.5. sama ár, en af 2.623.569,00 krónum frá þeim degi til 1.6. sama ár, en með 3,5% dráttarvöxtum á mánuði af 2.429.885,00 krónum frá þeim degi til 1.7. sama ár, en af 2.979.703,00 krónum frá þeim degi til 1.8. sama ár, en af 3.940.669,00 krónum frá þeim degi til 1.9. sama ár, en með 3,75% dráttarvöxtum á mánuði af 3.959.299,00 krónum frá þeim degi til 10. sama ár, en af 3.764.815,00 krónum frá þeim degi til 1.11. sama ár, en af 3.959.299,00 krónum frá þeim degi til 6.12. sama ár, en af 4.959.299,00 krónum frá þeim degi til 1.3. 1986, en þá með 2,75% dráttarvöxtum á mánuði til 1.4. 1987, en þá með 2,25% dráttarvöxtum á mánuði til 1.3. 1987, en með 2,5% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 6.5. sama ár, en þá með 30% ársvöxtum til 1.6. sama ár, en þá með 33,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1.7. s.á., en þá með 36%

árvöxtum til 1.8. sama ár, en þá með 40,8% árvöxtum til 1.9. sama ár, en þá með 42% árvöxtum til greiðsludags.

Áfallnir dráttarvextir skulu lagðir við höfuðstól skuldarinnar á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 1.2. 1986, og skulu sömu vextir og að framan greinir reiknast af samanlagðri fjárhæð.

Þá greiði stefndi stefnanda 400.000,00 krónur í málskostnað.

Dómkröfur greiðist innan 15 daga frá lögbirtingu dómsins að viðlagðri aðför að lögum.

---